

Ed. **284. Frumvarp til laga** [53. mál]
um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólanum hafi verið lagt til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnarinnar og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabyggingar af því fé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.